

Fundargerð faghóps fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi 21

4. fundur faghóps fyrir nýjan leikskóla í Engjalandi 21, haldinn mánudaginn 3. júní 2019 í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 13:00.

Mætt: Arna Ír Gunnarsdóttir, Tómas Ellert Tómasson, Sveinn Ægir Birgisson, Óðinn K. Andersen, Júlíana Tyrfingsdóttir, Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, Krístrún Hafliðadóttir, Birna Guðrún Jónsdóttir, Eiríkur Steinn Búason og Ásta Malmquist, frá ASK arkitektum, Torfi G. Sigurðsson frá Mannvit, Hermann Ólafsson frá Landhönnun og Þorsteinn Hjartarson, sem ritaði fundargerð.

- 1) Byggingarefnið. Ekki verið að horfa til krosslímnda timbursins.
- 2) Skipulagsmálin. Verið er að vinna að breytingu á deiliskipulagi. Gögnum verður skilað inn í lok vikunnar og tekið fyrir í næstu viku. Litið á deiliskipulagsteikningu. Minnt var á að helst þyrfti að gera ráð fyrir rafbílastæði fyrir starfsfólk og tveimur stæðum fyrir fatlað fólk við innganginn.
- 3) Farið yfir uppfærðar teikningar frá síðasta fundi sem eru í vinnslu.
- 4) Kynning á yfirlitsmynd af lóð, m.a. út frá minnsblaði frá leikskólastjórum.
- 5) Umræða um næstu skref og tímaáætlun. Framkvæmdatíma verði lokið í desember 2020.
- 6) Kostnaðaráætlun verksins skipt eftir húsbyggingu og lóð. Nú þarf að spá í spilin varðandi frumáætlun kostnaðar (forhönnunaráætlun). Ganga þarf frá hönnunarsamningi.
- 7) Næstu fundur í hópnum verður haldinn mánudaginn 24. júní kl. 14:30 sem er hugsaður sem stöðufundur.

Fundi slitið kl. 14:30.